



**Samþykkt
um listskreytingar og listaverkakaup á vegum Akureyrarbæjar**

1. gr.

Akureyrarbær ákveður árlega ákveðna fjárhæð í fjárhagsáætlun sem renna skal til listskreytinga í nýbyggingum á vegum bæjarins, til kaupa á listaverkum í safnkost Listasafnsins á Akureyri, listaverkum sem sett eru upp á almannafæri og til að viðhalda útilistaverkum í eigu bæjarins.

Fjárhæðin nemur 0,75% af kostnaði við framkvæmdaáætlun Akureyrarbæjar ár hvert þó að lágmarki 8 m.kr. og hámarki 12. m.kr.

2. gr.

Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert skal bæjarráð ákveða hve hár hluti framlagsins rennur til listaverkakaupa, hve hár hluti rennur til listskreytinga nýbygginga og hve hár hluti rennur til viðhalds á útilistaverkum, sbr. 4. gr.

3. gr.

Komi til þess, t.d. vegna sérstakra verkefna eða tímamóta, að ráðstafa eigi hærri fjárhæð en kveðið er á um í 1. gr. samþykktarinnar þarf bæjarstjórn Akureyrarbæjar að veita sérstaka heimild til þess við fjárhagsáætlunargerð.

4. gr.

Listasafnsráð Listasafnsins á Akureyri tekur ákvarðanir um kaup á listaverkum og myndverkum sem ætluð eru til uppsetningar á almannafæri sbr. kafla V og VI samþykktar um Listasafnið á Akureyri.

Umhverfis- og mannvirkjaráð tekur ákvarðanir um listskreytingar í nýbyggingum að höfðu samráði við Listasafnsráð eða í kjölfarið á samkeppni þar um, hafi hún farið fram.

5. gr.

Samþykkt þessi skal endurskoðuð að lágmarki á 5 ára fresti.

6. gr.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í bæjarstjórn.

Samþykkt í bæjarráði: 5. maí 2022

Samþykkt í bæjarstjórn: 10. maí 2022